

Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki

# Ábyrgt samfélag

Mótum framtíð

Nordica Hotel 30. mars 2007

# Hagsæld

- Magnhugtak
- Hafa og eiga nóg af öllu
- Hagstærðir og afkomutölur
- Íslendingar standa sig vel – erum ein ríkasta þjóð í heimi
- Erum stolt af stöðu okkar, helst deilt um skiptingu auðs

# En

- „Það er ekki allt fengið með því að fá allt“
- Hagsæld leiðir ekki sjálfkrafa til farsældar þótt hún skapi hagstæði skilyrði
- Jónas: Ísland! farsældafrón og hagsælda hrímhvíta móðir!
- „Höfum við gengið til góðs, götuna fram eftir veg?“

# Farsæld

- Gæðahugtak
- Njóta lífsgæða, farnast vel
- Mælikvarðar?
- „Íslendingar eru hamingjusamasta þjóða í heimi“
- Huglæg afstaða: líða vel
- Hlutlæg viðmið: blómstra, þroskaskilyrði

# Markmið og leiðir

- Hagsæld myndar heild þeirra efnahagslegu leiða sem eru meðal forsendna farsældar
- Aristóteles: fjármunir eru „bersýnilega ekki sú heill sem við leitum; þeir nýtast vegna einhvers annars“
- „Peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal“
- En í hvaða skyni? Til hvers er lífað?

# Svör?

- Klassísk heimsmynd
- Nútíminn: Svari hver fyrir sig
- Svörin eru á tveimur plönnum
- Einstaklingsins
- Samfélagsins

# Hið samfélagslega

- Á vettvangi stjórn mála
- Hagsældin virðist vera gefið markmið
- Leiðirnar að hagsældinni virðast oft liggja tiltölulega ljóst fyrir
- Sköpun atvinnutækifæra, fjölgun neyslukosta

# Tvær efasemdir

- Sókrates:
- „Dyggðin vex ekki upp af fjármunum, heldur fjármunir af dyggð og öll önnur mannleg gæði, bæði til handa einstaklingum og ríkjum.“
  - Platon, „Málsvörn Sókratesar“, *Síðustu dagar Sókratesar*, bls. 53.
- Spurning: hvernig á að móta dygguga einstaklinga?



# Betra líf við minni efni?

- Layard, *Happiness* (2005)
- Hamingja / farsæld eykst ekki í réttu hlutfalli við hagsæld nema að vissu marki.
- Nauðsynleg forsenda að fólk hafi viðunandi afkomu en eftir það veltur hamingjan á öðrum þáttum
  - Samveru
  - Innra lífi, gildismati

# Samnefnari

- Bæði efasemdir Sókratesar og Layards benda til mikilvægis menntunar
- Menntun mótar manninn og þar með mannkostina
- Layard: „we need better education, including ... moral education [which is] essential for a meaningful life“ (234)
- Tilgangurinn skiptir sköpum

# Einhliða áherslur?

- Ríkjandi hugmyndir um réttlæti og ssamábyrgð ganga út á að
  - Tryggja stöðu hinna verst settu (Rawls 1971)
  - Skapa jöfn tækifæri
  - Fyrirbyggja mismunun
  - Styrkja stöðu jaðarhópa
- Þetta er nauðsynlegt en ekki nægilegt viðmið
- Hvað ef ríkjandi viðmið eru ófullnægjandi?
- Fólklíður fyrir skort á tilfinningalegu atlæti og tilgangsríku lífi?

# Menntaríki

- Ábyrgt samfélag skapar öllum borgurum skilyrði til góðrar menntunar og setur það markmið í öndvegi
- Með menntun á ég bæði við skólagöngu og uppeldi
- Öflug er sú menntun sem gerir fólk í stakk búið að takast á við þau meginverkefni sem lífið leggur þeim á herðar

# Meginverkefni

- Læra að bjarga sér
  - Tileinka sér þekkingu til að geta lesið umhverfi sitt og færni til að lifa af í því
- Deila lífinu með öðrum
  - Temja sér dómgreind og samskiptahæfni til að umgangast aðra af skilningi og sanngirni
- Læra að lifa við eigin takmarkanir
  - Öðlast sjálfsvirðingu og tilfinningaþroska til að geta axlað ábyrgð og sett sér raunhæf markmið

# Ábyrgt valfrelsi

- Verkefni skólans „að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi“ og í neytlusamfélagi
- Frá sjónarmiði valfrelsis þarf að huga að því umhverfi sem skammtar okkur valkostina.
- og að innri forsendum frelsisins í látlausu áreiti neytlusamfélagsins?
- Borgari er annað en neytandi á markaði. Neytandinn sinnir löngunum sínum og þörfum
- Borgarinn þarf að hafa vilja og hæfni til að mæta samborgurum sínum í rökræðu um sameiginleg hagsmunamál

# Tilvitnun

- „Það frelsi sem máli skiptir felur í sér frelsi til að haga sér eins og borgarar sem láta að sér kveða og tekið er mark á, fremur en að lifa sem stríðalin, velklædd neyslupý sem vilja láta skemmta sér án afláts“.
  - Amartya Sen, *Development as Freedom* (2000), s. 288.

# Grunnur

- Grunnurinn að þessu er lagður í uppeldi og á fyrstu árum skólagöngu
- Samfélagið talar oft mest um mikilvægi háskólanáms vegna tengslanna við hagsældina
- Skipulegt vanmat á uppeldisstörfum sem leggja grunninn að skilyrðum einstaklinga til farsældar (leikskóli og grunnskóli)
- Hvað skiptir samfélagið mestu?



# Verðmætamat

- Öll umsýsla fjármuna er langtum meira metin en umönnun fólks, þótt í orði kveðnu setji menn vitaskuld manngildi ofar auðgildi.
- Ábyrgðarstörf – hver skyldi vera hinn viðurkenndi mælikvarði á þetta fyrirbæri?
  - Þar sem líklegt er að menn verði dregnir til ábyrgðar
  - En frummynd allrar ábyrgðar er í tengslum foreldris og barns

# Þverstæða

- Grunnurinn að farsæld einstaklinga er lagður í uppeldi. En margvíslegar ákvarðanir eru teknar, bæði á heimilum, hjá stofnunum og af stjórnvöldum, þar sem hlutunum er snúið á haus: Það er svo brýnt að ganga erinda veruleikans, sem er skilgreindur af hagstærðum, að meginskilyrði uppeldis og menntunar sitja á hakanum. Samt vitum við að menntun og uppeldi gera einstaklingum kleift að takast á við lífið og njóta þess sem það hefur upp á að bjóða. Til hvers að byggja upp veruleikann og valkosti hans nema börnin verði fær um að meta gildi þessara kosta og njóta þeirra? Til hvers að auka hraðann á neyslubrautinni og eyða tímanum í að vinna fyrir neyslunni nema við vitum að það skili okkar á farsælan áfangastað?

# Réttnefnd velferð

- „Velferð er siðferðilegt markmið. ... Ég leyfi mér að fullyrða, að velferð þjóðarinnar, hvort sem ríki eða sveitarfélög eiga í hlut, er aldrei meiri en sú velferð sem börnum og fjölskyldum er búin á hverjum tíma. Velferð barna er sá mælikvarði, sem við ættum að styðjast við, þegar reynt er að meta hvar við sem þjóð erum á vegi stödd í velferðarmálum.“

– Björn Björnsson, „Á ég að gæta bróður míns?“, *Erindii siðfræðinnar* (1993), s. 110.

# Framtíðarlandið

- Gæti hugmyndin um velferð barna orðið okkur til viðmiðunar í mótun ábyrgs samfélags?
- Það er mikilvægt að vernda umhverfið en það er lítils nema einstaklingarnir sem við það búa séu færir um að njóta lífsins.
- Uppeldi til ábyrgðar!